

Nd.

240. Frumvarp

til laga um merking á kjöti.

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. gr.

Alt kjöt, sem lögskipaðir dýralæknar skoða og telja hæft til útflutnings á erlendan markað, skal merkt með bláum jafnarma þríbyrningi með tölunni 1 innan i. Rétt til að nota þetta merki, aðrir en dýralæknar, hafa og þeir menn, er stjórnarráðið hefir skipað til kjötskoðunar, og tekið hafa próf í þeirri grein hjá dýralækni.

Merkið skal setja á hæfilega marga staði á hvern kropp. Stjórnarráðinu er heimilt að ákveða gjald fyrir stimplun kjötsins, sem þó fari eigi yfir 5 auro fyrir hvern kindarkropp.

2. gr.

Stjórnarráðið semur nánari reglur um kjötskoðun eftir tillögum dýralækna, til leiðbeiningar fyrir kjötskoðunarmenn.

3. gr.

Öllum öðrum en þeim sem taldir eru í 1. gr., er óheimilt að merkja kjöt til útflutnings með bláu merki eða þrihyrningi, þótt lögun hans sé önnur en jafnarma, og önnur tala eða auðkenni sé innan í merkinu.

4. gr.

Brot gegn 3. gr. varða sektum, allt að 100 krónum í fyrsta skifti, og hærri sektum eða fangelsi, ef oftar er brotið. Með mál út af brotum skal fara sem almenn lögreglumál.